

Fréttabréf AFLs

1. tbl. 2020

Dreift um allt Austurland

Ábyrgðarmaður: Sverrir Albertsson




Höldum í við launaskrið í dagvinnulaunum

- aukagreiðslur minnka og heildarlaun dragast aftur úr

Á myndinni hér við hliðina má sjá að miðgildi dagvinnulauna félaga í AFLi hefur haldið í við launaskrið í landinu síðustu 8 ár – en launaskriðið má sjá í „launavísitölu“ sem er vísitala frá Hagstofu Íslands sem á að mæla allar launabreytingar í landinu. Talsverð kaupmáttaraukning hefur orðið á þessu tímabili ef miðað er við neysluvísitölu Hagstofunnar.

Miðgildi hefur það umfram „meðallaun“ að það eru þau laun sem félagsmaðurinn í miðjum hóp er með – þannig að það eru jafnmargir launahærri en viðkomandi og jafnmargir launalægri. Meðallaun eru öllu jafna nokkuð hærri – því þar geta fáið mjög launaháir einstaklingar togað meðaltalið upp.

Hér í blaðinu er litið á heildarlaun nokkurra starfahópa og þar kemur skýrt fram að tekjuhærri hópar í félaginu og þá ekki síst þeir sem búa við aukagreiðslur sem ekki eru í kjarasamningum – hafa dregist aftur úr hvað varðar heildarlaun og halda ekki í við launapróun heildarlauna í landinu. Aðrir hópar – sérstaklega svokölluð „kvennastörf“ þar sem umsamin laun og þá dagvinna og vaktaálög eru uppstaða launa – hafa haldið í við launavísitöluna.



Þetta eru enn ein skilaboðin um hversu nauðsynlegt það er að semja um greidd laun en treysta ekki á aukagreiðslur og bónusa sem einhliða eru ákveðnir af launagreiðanda því þær greiðslur hafa tilhneigingu til að hverfa aftur.

Launabil innan AFLs fer minnkandi – og er það í samræmi við stefnu verkalyðshreyfingarinnar síðustu ár – ofuráhersla hefur verið

lögð á krónutöluhækkunar. Aðrir launþegahópar eru hins vegar ekki sammála þessari stefnu og því er óvíst að launabil í landinu fari minnkandi.

Frekari upplýsingar má finna hér innar í blaðinu en þessi umfjöllun byggir á niðurstöðum úr launakönnunum AFLs frá 2011-19 og allar kannanirnar eru aðgengilegar á heimasíðu AFLs – www.asa.is.

Athugið að allar launatölur sem birtast í blaðinu eru launatölur sem félagsmenn gefa spyrjendum Gallup upp sjálfir en félagsmenn eru beðnir um að vera með síðasta launaseðil við höndina þegar könnuninni er svarað.

Aðeins eru tekin með laun þeirra sem eru í 70% starfshlutfalli eða meira og þá öll laun reiknuð í 100%.

Um áramótin lét Karina Barbara Garska af störfum sem húsvörður og allsherjarreddari í húsi félagsins að Búðareyri 1 þar sem AFL, Austurbrú og fleiri eru með aðstöðu. Karina hefur séð um húsið frá 2012 og tekið á mótí gestum og gangandi með bros á vör og alúðlegu viðmóti og lagt sig fram um að hafa húsið sem snyrtilegast og boðið upp á veitingar við nánast öll tækifæri.

Þann 10. janúar sl. sneri starfsfólkið í húsinu þessu við og mætti með tertur og góðgæti til vinnu og bauð Karinu að koma eiga með okkur kveðjustund. Karina er hér þriðja frá vinstri. AFL og Austurbrú þakka Karinu frábært samstarf á liðnum árum.



Launaskriðið heildarlauna sveigir framhjá Austurlandi

Launaskriðið hefur að verulegu leyti tekið sveig framhjá Austurlandi síðustu ár og hafa heildarlaun flestra starfahópa innan AFLs ekki haldið í við launaskriðið sem mælist á landinu. Þannig virðist sem aukagreiðslur hafi farið minnkandi síðustu ár – bónusar lækkað og yfirvinna minnkað. Dagvinnulaun virðast þannig halda í við launapróun annars staðar en heildarlaun ekki.

Línuritinn sem hér fylgja eru byggð á gögnum úr launakönnunum AFLs sem ná aftur til 2011. Gallup hefur framkvæmt kannanir fyrir AFL og Einingu Ídju á Akureyri. Þær fara þannig fram að félagsfólki, sem valið er af handahófi úr félagatali, er boðið að fá símtal eða svara á netinu. Fólki er boðið um að hafa síðasta launaseðil við höndina þegar svarað er. Miðað er við september seðilinn því könnunin hefur nánast alltaf verið gerð í október.

Tölurnar sem hér er vitnað til eru heildarlaun eins og félagar gefa þau upp. Við höfum ekki aðgang að upplýsingum úr launakerfum eða skattframtölum – heldur aðeins þær tölur sem félagsfólk gefur sjálft upp við spyrta Gallup.

Kannanirnar eru allar aðgengilegar á heimasíðu AFLs og geta hverjir þeir sem vilja skoða enn frekar launapróun á Austurlandi – nálgast þær þar. Í könnunum eru niðurstöður brotnar niður á starfahópa, aldursþópum og eftir búsetu og menntun en þó aðeins þegar unnt er að ná tölfræðilega marktækum fjölda í hvern hóp. Þannig lenda minni byggðarlög oftast saman í flokki.

Athugið að í þessum línuritum sýnum við þróun heildarlauna eins og félagar gefa þau upp. Það er með yfirvinnu, bónusum og öðrum aukagreiðslum. Við getum ekki tekið ábyrgð á tölunum né í mörgum tilfellum útskýrt þær, því þetta er það sem félagar gefa upp í könnun og við getum ekki rakið einstök svör til uppruna. Það er líka vert að benda á að aðeins eru birt laun þeirra sem eru í 70% eða meira starfshlutfalli og laun þeirra sem eru í 70 – 99% starfshlutfalli eru reiknuð upp í 100% starfshlutfall.


Meðallaun halda ekki í við launavísitölu

Á mynd 1 sést hvernig meðallaun AFLs félaga halda ekki í við launavísitölu. Á hinn bóginn eykst kaupmáttur verulega ef miðað er við neysluvísitölu (hér verður engin afstaða tekin til þess hversu góður mælikvarði neysluvísitala er – en það er mælikvarði sem flestir nota).

Á hinn bóginn hefur „launajafnrétti“ aukist verulega frá árinu 2011. Á myndinni eru sýndar tvær línur, önnur er meðallaun sem félagar gefu upp, en hin línur er miðgildi launa. Munurinn á miðgildi og meðaltali er sá að miðgildi launa þýðir að það eru jafnmargir með hærri laun og jafnmargir með lægri laun en miðgildið. Meðaltalið getur verið herra af því að fáir en launaháir félagsmenn draga meðaltalið upp þannig að oftast eru mun færri með hærri laun en meðallaun en fleiri með lægri laun.

Þess vegna hafa meðaltöl oft sætt gagnrýni fyrir að vera villandi framsetning.

Munur á meðallaunum og miðgildi launa er því vísbending um mikinn launamun og þar sem þessi munur fer minnkandi innan AFLs er það vísbending um að launamunur innan félagsins fer minnkandi og er þetta árangur af kjarasamningum síðustu ára – þar sem lögð hefur verið áhersla á krónutöluhækkunar í stað prósentuhækkana og aukinn jöfnuð.




Mynd 1 miðgildi vs. meðallaun AFLs

Bílstjórar og tækjastjórnendur sitja eftir

Þetta þýðir þó að ákveðnir hópar hafa setið eftir – launapróun þeirra hefur ekki fylgt launapróun í landinu – og er þar sérstaklega að nefna bílstjóra, tækjastjórnendur og starfsfólk í iðnaði, eins og fram kemur á mynd 2.

Bílstjórar og tækjastjórnendur eru með miklu meiri sveiflur í sínum heildarlaunum enda getur staða á stórum framkvæmdum skipt miklu máli. Þannig voru 2012 og 2017 góð ár í vélageiranum en svo hafa tekjur dregist verulega saman og lækkað í krónutölu. Starfsfólk í iðnaði hélt í við launaskriðið landsins og gerði jafnvel betur fram að 2015 en hefur síðan dregist talsvert aftur úr. Þar vantar upp undir 50.000 í heildarlaunin til að þessi hópur haldi í við launaskriðið landsins alls.



Mynd 2 - bílstjórar og iðnaður


Hækka en samt áfram lægst

Starfsfólk í störfum sem talin hafa verið til dæmigerðra kvennastarfa – störf við umönnun og störf skólaliða og stuðningsfulltrúa - hafa á hinn bóginn haldið vel í við launaskriðið og gott betur. Þetta eru störf með nánast engum aukagreiðslum og yfirleitt engum „persónubundnum“ aukagreiðslum. Launin byggja á dagvinnulaunum og umsömdu vaktaálagi þar sem það á við. Þetta má sjá á mynd 3.

Svigrúm launagreiðenda til að taka af aukagreiðslur er því lítið.

Á mynd 3 eru launa- og neysluvísitala stíllar af á laun skólaliða 2011 en laun í umönnun eru aðeins hærri þá. Línan fyrir skólaliða er gölluð að því leyti – að framan af (fram til 2016) voru fleiri verkastörf flokkuð þarna með, þar með talin ræsting og ræsting í vaktavinnu. Frá 2016 og til dagsins í dag eiga flestir í þessum flokki að vera að vinna sem skólaliðar eða við sambærileg störf.


Þar sem hér er spurt um heildarlaun – verður þessi hópur lægst launaði hópur félagsins – því hér eru aukagreiðslur fáséðar – yfirvinna er nánast óþekkt og ekkert vaktaálag greitt enda vinnutíminn allur á dagvinnutíma.



Mynd 3 skólaliðar og umönnun


Verkastörf, verslun og þjónusta

Mynd 4 sýnir þróun launa í „ýmsum verkastörfum“ og svo í verslun og þjónustu. Það sem vekur athygli er að „ýmis verkastörf“ eru komin yfir verslun og þjónustu í heildarlaunum og er það eflaust að hluta þar sem ræsting í vaktavinnu kom inn í þennan flokk 2016. Þá er ferðaþjónustan í báðum þessum flokkum. Í báðum þessum flokkum er lítið um aukagreiðslur utan kjarasamningsbundinna greiðslna og svigrúm launagreiðenda til að „lækka“ laun því lítið.



Mynd 4 - verkafólk og þjónusta

Sjómenn eru síðan á mynd 5 – en þar sem laun sjómanna eru árstíðabundin og sveiflukennd segir þessi mynd kannski ekki mikið. Laun sjómanna hafa



Mynd 5 - sjómenn

frá því 2011, ef miðað er við septembermánuð, ekki haldið í við verðlag einu sinni – hvað þá launaþróun í landinu.

Verkalýðshreyfingin skiptir máli

85% félagsmanna AFLs telja að verkalýðshreyfingin skipti miklu máli í dag en um 5% telja hreyfinguna skipta litlu máli. Lítil munur er á afstöðu milli aldurshópa og eftir búsetu (mynd 1). Þá telja um 92% félagsmanna að verkalýðshreyfingin eigi að taka skýra afstöðu og forystu í umræðu um samfélagsmál og er þetta veruleg aukning frá því að við fórum fyrst að spyrja þessarar spurningar 2013. Þetta er meðal niðurstaða úr viðhorfskönnun AFLs sem framkvæmd var fyrir áramót.


Konur og yngri fólk eru ákveðnari í þessari afstöðu en karlar og eldri félagar og þau mál sem félagsfólk telur að verkalýðshreyfingin eigi helst að beita sér í eru skattamál, heilbrigðismál, vaxtamál og húsnæðismál (mynd 2).

AFL Starfsgreinafélag kemur vel út úr viðhorfskönnuninni að þessu sinni og 55% félaga eru mjög sáttt eða frekar sáttt við félagið og aðeins um 5% eru mjög eða frekar ósátt. Þetta er besta niðurstaða sem félagið hefur fengið frá því að farið var að mæla afstöðu félagsfólks 2011.


Það er lítils háttar aukning á ánægju allra hópa – nema tveggja þar sem engin breyting er á viðhorfi (mynd 3).

Viðhorfs- og launakönnun AFLs er gerð í samvinnu við Einingu Iðju á Akureyri og framkvæmd af Gallup


Ísland. 1.500 greiddandi félagar eru valdir af handahófi og fá síðan erindi frá Gallup og er boðið að svara könnun í síma eða á netinu.



Mynd 1



Mynd 2



Mynd 3

Atkvæðagreiðsla um kjarasamning



Nú stendur yfir atkvæðagreiðsla um nýgerðan kjarasamning Starfsgreinasambands Íslands fyrir hönd AFLs Starfsgreinafélags og fleiri við Samband sveitarfélaga fyrir hönd sveitarfélaga á félagssvæði AFLs.

Atkvæðagreiðslan fer fram á „mínun síðum“ á heimasíðu félagsins www.asa.is.

Hægt er að fá aðgang að mínun síðum með Íslykli, rafrænum skilríkjum eða með lykilorði.

Atkvæðagreiðslunni lýkur 9. febrúar. Úrslit verða birt 10. febrúar.

Kynningarfundir um samninginn fara fram í samráði við trúnaðarmenn á vinnustöðum.

Til góðra verka!

Atkvæðagreiðslur og samningaviðræður AFLs

Nú stendur yfir atkvæðagreiðsla um nýgerðan kjarasamning Starfsgreinasambandsins, meðal annars fyrir AFL Starfsgreinafélag, við sveitarfélögin. Þá standa yfir viðræður við ALCOA Fjarðaál um endurnýjun á kjarasamningi og í síðustu viku sagði AFL Starfsgreinafélag upp samningi um störf hjá undirverktökum á álverslóðinni. Þá eru samningaviðræður Sjómannasambands Íslands við útgerðarmenn að hefjast. Enn er ósamið við ríkið vegna starfsmanna hjá ríkisstofnunum en að öðru leyti eru flestir stóru kjarasamningar AFLs nýgerðir eða í samningaferli.

Á lokametrum samningaviðræðna við sveitarfélögin dró Efling sig úr samfloti með öðrum félögum og hefur ekki gengið frá samningi við Reykjavíkurborg né önnur sveitarfélög á félagssvæði sínu. Ljóst er að Efling er að gera mun hærri kröfur en þær sem náðust í kjarasamningi þeim sem AFL er aðili að.

„Umræða sem orðið hefur síðustu daga um kröfugerð Eflingar gagnvart Reykjavíkurborg mun auðvitað hafa einhver áhrif á okkar félagssvæði,“ segir Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir, formaður AFLs, sem tók þátt í samningagerð Starfsgreinasambandsins. „Hluti kröfugerðar Eflingar sem nú er uppi gagnvart Reykjavíkurborg kom aldrei fram á meðan félagið var í samfloti með öðrum félögum innan SGS.

Vissulega eru þau störf sveitarfélaganna sem við semjum um með þeim lægst launuðu á landinu og við hefðum viljað ná mun meiri árangri en við máttum stöðuna þannig að ekki yrði lengra farið án átaka og eftir samtöl við trúnaðarmenn og aðra félagsmenn varð þetta niðurstaðan. Við mörkuðum leiðina í vor með gerð lífskjarasamningsins og töldum okkur bera síðferðilega skyldu til að halda okkur innan ramma hans í öðrum heildarkjarasamningum,“ sagði Hjördís.

Viðræðum við ríkið vísað til sáttasemjara

Viðræðunefnd Starfsgreinasambands Íslands, vegna kjarasamninga við fjármálaráðherra fyrir hönd Ríkissjóðs, samþykkti í síðustu viku, fyrir hönd 18 aðildarfélaga, að vísa kjaradeilunni til Ríkissáttasemjara.

Þessi ákvörðun var tekin í framhaldi af samningafundi og ganginum í viðræðum undanfarna mánuði, en kjarasamningurinn rann út 31. mars 2019.

Jafnframt var farið fram á það við sáttasemjara að hann boðaði til fundar eins skjótt og auðið væri, enda algerlega óásættanlegt að launafólk bíði mánuðum saman eftir því að sest sé að samningaborðinu af alvöru.



Vinnutímastytting í viðræðum við undirverktaka

Árið 2015 gerði AFL Starfsgreinafélag kjarasamning við ALCOA Fjarðaál og Samtök Atvinnulífsins. Sá samningur kveður aðallega á um gerð sérstakra fyrirtækjasamninga við undirverktaka sem starfa á athafnasvæði ALCOA Fjarðaáls. AFL hefur sagt þessum samningi upp og óskað viðræðna um efni hans en stökum fyrirtækjasamningum hefur ekki verið sagt upp og gilda því ákvæði þeirra þar til samið hefur verið að nýju. Meginkrafa okkar félagsmanna er að fá vinnutíma-styttingu á borð við þá sem starfsmenn ALCOA fengu 2015.

Samninganefnd Sjómannasambands Íslands, þar sem AFL á þrjá fulltrúa, hittist í vikunni og samþykkti kröfugerð vegna samningaviðræðna sem eru að fara í gang. Mikilvægasta krafa sjómanna er að útgerðir greiði af þeim í lífeyrissjóð rétt eins og greitt er fyrir aðra launþega, þ.e. 11,5% af launum.

Tveir fundir hafa verið í kjaradeilu AFLs, Rafiðnaðarsambandsins og ALCOA vegna



starfsmanna álversins en síðast þegar samið var stóðu viðræður í marga mánuði. Gengið hefur verið frá samkomulagi um að launahækkun sem semst um að lokum – mun gilda frá því að fyrri samningur rennur út.



Orlof um páska

Opnað hefur verið fyrir umsóknir um orlofshús um páska 2020.

Úthlutað verður í orlofshúsum félagsins á Illugastöðum í Fnjóskadal, Einarstöðum á Völlum, Klifabotn í Lóni og Ölfusborgun í Ölfusi. Úthlutað er dagana 8.- 13. apríl en í flestum tilfellum er auðvelt að bæta við degi á undan eða eftir.

Umsóknarfrestur er til 19. febrúar og úthlutað verður 20. febrúar. Þeir sem fá úthlutað fá sms og tölvupóst um leið og dregið hefur verið og hafa þá 4 daga til að greiða staðfestingargjald, kr. 5.000. Greiða þarf leigu að fullu fyrir 24. mars. Heildarverð fyrir þessar 6 nætur er 25.247 kr. Ath. Staðfestingagjald er óendurkræft.

Þeir sem ekki fá úthlutað bústáð fara á biðlista og er dregið um röð á biðlistanum.